

Mál nr. 172/2013
M og
Vátryggingafélagið V v. Frjálsrar ábyrgðartryggingar D

Bifreið ók á þrengingarkubb þ.23.10.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 8.5.2013 ásamt fylgiskjöllum 1-3
2. Bréf V dags. 22.5.2013

Málsatvik.

M ók bifreið sinni afturábak og á þrengingarkubb á götunni. M sagðist hafa vitað af þrengingu þarna, en ekki séð hana þegar hún leit í baksýnispegilinn. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu D vegna þessa tjóns og segir að þrengingarkubburinn sem hún ók á sé ekki á varanlegum stað og settur upp til bráðabirgða og umferðarmerki og skilti sem vari við þrengingunni séu langt frá kubbum. M hafnar bótaskyldu og bendir á að ekki sé með neinum hætti sýnt fram á af hálfu M að tjónið sé tilkomið vegna háttsemi D. Þá bendir V á að M bakkaði gegn akstursstefnu í umrætt sinn og ekki gætt að sér að mati V.

Álit.

Ekki er sýnt fram á að D hafi sýnt af sér saknæma eða ólögmdta háttsemi varðandi þrengingu á götu með þeim þrengingarkubb sem um ræðir eða merkingum hvað hann varðar. M viðurkennir að hafa vitað af þrengingunni og sýndi því ekki næga aðgæslu við aksturinn í umrætt sinn. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu D hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu D hjá V.

Reykjavík 11.6.2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.